

Ed.

259. Frumvarp til laga

[14. mál]

um vistheimili fyrir stúlkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur samkvæmt fyrirmælum 37. gr. laga nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna. Skal ríkissjóði skylt að leggja fram nauðsynlegt fé í sambandi við stofnun og rekstur heimilisins, sbr. þó fyrirmæli 2. málsg. sömu lagagreinar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir, til þessara nota.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.